


Árbók sveitarfélaga 2010: Tap á hvern íbúa var minnst í Reykjanesbæ en mest í Grindavík.

Reykjanesbær bjó við skástu rekstrarniðurstöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum árið 2009 hvað varðar rekstur bæði fyrir og eftir fjármagnsliði og óreglulega liði.

Þetta kemur fram í nýútkominni árbók sveitarfélaga þar sem borin er saman staða sveitarfélaga á landinu árið 2009.

Tap fyrir fjármagnsliði og óreglulegar tekjur var hjá öllum sveitarfélögunum árið 2009. Minnsta tapið á íbúa var hjá Reykjanesbæ 84 þúsund kr. en mest í Grindavík, 141 þúsund kr.

Niðurstaða af rekstri, þegar fjármagnsliðir og óreglulegir liðir eru teknir inn, skila Reykjanesbæ, Garði og Vogum afgangi en Sandgerði og Grindavík skiluðu tapi. Mestur var afgangur Reykjanesbæjar, yfir 540 þúsund kr. á íbúa, sem er vegna sölu bæjarins á hlutum í HS Orku, en hin sveitarfélögin á Suðurnesjum höfðu innleyst hagnað af sölnunni árið á undan.



Eignastaða allra sveitarfélaganna á Suðurnesjum þykir mjög sterk. Eigið fé (eignir umfram skuldir) er mest á íbúa í Grindavík, (1.923 þúsund kr.) en minnst í Reykjanesbæ (718 þúsund kr.) Eiginfjárhlutfall er hæst í Garðinum (0,74) en lægst í Vogum (0,29)

	Sveitarsjóður		
	Fjöldi íbúa	Eigið fé/íbúa	Eiginfjárhlutfall
Reykjanesbær	14.081	717.864	41,79%
Grindavík	2.841	1.923.144	71,99%
Sandgerði	1.711	1.138.110	36,65%
Garður	1.520	1.852.280	74,12%
Vogar	1.195	737.161	29,14%
Samtals	21.348		